



Tré ársins 2008

Purpurahlynur er tré ársins

Sunnudaginn 31. ágúst sl. var garðahlynur (*Acer pseudoplatanus* 'Purpleum') að Borgarbraut 27 í Borgarnesi formlega útnefndur „Tré ársins 2008“. Tréð er með glæsilegri trjám á Vesturlandi og þetta afbrigði af garðahlyn er fágætt, en það einkennist af rauðfjólubláum lit á neðra borði laufblaða og er stundum kallað purpurahlynur.

Það er Skógræktarfélag Íslands sem velur Tré ársins og er útnefningunni ætlað að beina sjónum almennings að því gróskumikla starfi sem unnið er um land allt í trjá- og skógrækt.

Hjördís Geirdal, formaður Skógræktarfélags Borgarfjarðar, bauð gesti velkomna, en því næst tók til máls Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands og fjallaði um útnefninguna. Ragnar Olgeirsson sagði svo stuttlega frá sögu hússins að

Borgarbraut 27 og trénu. Magnús Gunnarsson afhenti því næst Jóhanni Skarphéðinssyni, núverandi eiganda Borgarbrautar 27, viðurkenningarskjal af þessu tilefni. Sædís Guðlaugsdóttir, Gróðrarstöðinni Gleym-mér-ei, færði svo Skógræktarfélagi Íslands að gjöf þrjár litlar garðahlynspöntur, sem ræktaðar eru upp af fræi af garðahlyninum að Borgarbraut 27.

Í tilefni dagsins var tréð svo mælt og gerði það Valdimar Reynisson, í Skógræktarfélaginu Dafnar á Hvanneyri og reyndist það vera 8,83 m á hæð og 166 cm að ummáli í 50 cm hæð. Að lokum var svo afhjúpað skilti við tréð, sem markar útnefninguna og sáú um það Magnús Gunnarsson, Hjördís Geirdal og Páll S. Brynjarsson, sveitarstjóri Borgarbyggðar.

Formlegri dagskrá lauk svo með hressingu í Skalla-grímgarði, en á sjötta tug gesta voru viðstaddir at-höfnina.

Höfundur Ragnar Sveinn Olgeirsson



Hjónin sem gróðursettu hlyninn; Stefán Ólafsson, eða „Stebbi skó“ og Sigurbjörg Magnúsdóttir.

Pau gróðursettu purpurahlyninn

Hlynurinn var gróðursettur af hjónunum Stefáni Ólafssyni, f. í Hjarðarholti Stafholtstungum 8. júlí 1895, d. í Borgarnesi 10. sept. 1986 og Sigurbjörgu Magnúsdóttir, f. í Tíðagerði á Vatnsleysuströnd 6. desember 1896, d. í Borgarnesi 20. apríl 1978.

Stefán lærði skósmíði á Akranesi á árunum 1910–1914. Eftir það var hann skósmíður í Borgarnesi. Húsið að Borgarbraut 27 byggðu hjónin á árunum 1919–1920.

Pau hjónin bjuggu á efri hæð hússins ásamt tveim börnum og foreldrum Stefáns. Á neðri hæð voru 4 herbergi og voru tvö þeirra oftast leigð út. Í tveimur var skósmíðaverkstæði sem þjónaði sem einhvers konar félagsmálastofnun á kreppearunum. Þangað komu karlar þorpsins saman og ræddu landsins gagn og nauðsynjar. Þarna var skipst á skoðunum. Það var rifist um stjórnarfar, sveitarstjórnarmál og skáldskap. Þar á meðal um verk Halldórs Laxness sem sumir staðhæfðu að skrifaði bara óhróður um bændur og um lús og óþverra. Halldór var á þessum árum að skrifa Sölkú Völku, Sjálfstætt fólk og Ljósvíkinginn. Við ungir strákar vorum þarna og hlustuðum með opinn munn og af miklum áhuga. Faðir minn stóð í hörkuvörn fyrir skáldið og las upphátt fyrir okkur heima úr bókum hans um leið og þær komu út.

Stefán og Sigurbjörg voru miklar sóma manneskjur og Sigurbjörg tilbúin að breiða sig yfir fólk ef hún taldi að það ætti undir högg að sækja.

Purpurahlyninn munu þau hafa gróðursett einhvern tímann á árabílinu 1923–1925. Þá var ekki búíð að byggja næsta hús fyrir neðan, sem er númer 25 við Borgarbraut, en það var byggt á árunum 1928–1930. Purpurahlynurinn gæti því verið allt að 85 ára gamall.

Auk þessa hlýns er vitað um tvo aðra sem gróðursettir voru á þriðja áratug 20. aldar í Borgarnesi. Annar þeirra er við Berugötu 10, hinn við Borgarbraut 25 a. Þá var einn gróðursettur á sjöunda áratugnum við Kjartansgötu 3.



Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, afhendir Jóhanni Skarphéðinssyni viðurkenningarskjalið.

